

**Fundur í Minjaráði Norðurlands vestra,
Villa Nova, Sauðárkróki, 15. júní 2017, kl. 11.00**

Mæting:

Guðmundur Stefán Sigurðarson minjavörður Norðurlands vestra, Guðmundur Lúther Hafsteinsson, Guðný Hrund Karlsdóttir, Laufey Haraldsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Ingibergur Guðmundsson. Einnig sat fundinn Magnús Freyr Gíslason, starfsmaður Minjastofnunar. Gunnsteinn Björnsson boðaði forföll.

Setning:

Guðmundur Stefán setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Ingiberg sem fundarritara og var það samþykkt.

Fyrir var tekið:

1. Menningarminjadagurinn 2017

Guðmundur Stefán sagði frá Menningarminjadeginum sem verður 14. október 2017. Efni dagsins eru viðburðir sem tengjast menningarminjum í hættu vegna náttúruafla og/eða samspili náttúru og menningarminja. Hann nefndi dæmi um viðburði af ýmsu tagi sem til greina koma, leiðsagnir um minjasvæði, viðburði á söfnum, fyrirlestra ofl. Þá óskaði hann eftir tillögum fulltrúa í minjaráði um viðburði sem kæmu til greina á svæðinu í tengslum við þennan dag.

2. Torfbyggingar á svæði Minjaráðs Norðurlands vestra – ábyrgð, frumkvæði, stefna

- a) Rætt var almennt um skráningu torfhúsa og blandaðra bygginga frá fyrri tímum. Þörf er á að taka saman yfirlit um þessi hús á Norðurlandi vestra. Formleg heildarskráning er kostnaðarsöm og því spurning hvaða leiðir séu heppilegir til að fá gróft yfirlit um umfangið. Rætt um ýmis dæmi húsa á svæðinu, hlaðnar réttir og fleira og hvaða leiðir séu heppilegastar til að skanna umfangið. Einnig hvernig best sé að virkja vitund íbúanna um mikilvægi á varðveislu margra þessara húsa.
- b) Torfrannsóknir Bygðasafns Skagfirðinga - Sigríður Sigurðardóttir
Allt frá 10. áratug síðustu aldar hefur Bygðasafnið safnað markvisst heimildum um torfhleðslur í Skagafirði. Stefnt er að útgáfu upplýsingarits á þessu ári um niðurstöðurnar. Starfsemi Fornverkaskólans er t.d. bein afleiðing þessarar vinnu. Íslendingar og Færeyingar eru í raun þeir einu sem hafa grunnþekkingu á torfhleðslum og torfbyggingum. Þessari þekkingu hefur m.a. verið dreift með námskeiðum og hafa bæði Íslendingar og Skotar sótt þessi námskeið. Skotar hafa t.d. markvisst sótt þessi námskeið til að endurvekja þessa þekkingu þar.

Sigríður sýndi fundarmönnum ýmis dæmi um torfhleðslur, torfhús og blönduð hús og tilgang þeirra. Nú er orðin þörf á að fara aftur yfir svæðið og athuga hvaða breytingar hafa orðið síðustu 20 árin.

Niðurstöður á þessum athugunum eru m.a. þær að hver notaði sína aðferð við torfristuna og torfhleðsluna. Þessar hleðslur sjást líka í fornleifarannsóknum. Engin aðferð er því algild. Flestir enskumælandi menn líta á torf sem eldsneyti.

Byggðasafnið hefur gefið út smáritin; Gamlir byggingarhættir, Lesið í landið o.fl. sem fjalla að öllu leyti eða hluta til um þennan byggingarstíl.

3. Kynning á húsasafni Þjóðminjasafnsins

Guðmundur Lúther kynnti húsasafnið sem telur 64 hús á 40 stöðum víðsvegar um landið. Þar af eru 35 torfhús, 4/5 steinhláðin, 21 timburhús og 3 steinsteypt (útihús). Hann sýndi myndir af þessum húsum og ræddi um þau og ástand þeirra. Torfbæirnir eru flestir um norðanvert landið, hafa varðveist þar betur og þar var búið lengur í þeim. Miklir jarðskjálftar á Suðurlandi gætu hafa flýtt fyrir endalokum torfbæjanna þar. M.a. ræddi Guðmundur sérstaklega endurbyggingu kirkjunnar í Krýsuvík sem brann 2010.

Einnig fór Guðmundur yfir ástand húsanna, 42 eru í góðu ástandi, 15 í sæmilegu ástandi, 4 í lélegu ástandi og 3 í slæmu ástandi. Í Skagafirði eru 7 hús í góðu ástandi en eitt í sæmilegu ástandi. Á Norðurlandi vestra eru allmörg hús í Skagafirði í húsasafninu auk

Kirkjuhvammskirkju á Hvammstanga. Á fjárlögum 2017 til húsasafnsins eru 82,5 millj. kr., 11 millj. eru til frá fyrra ári. Reksturinn kostar 33 millj. en 60 millj. eru til framkvæmda.

Önnur verkefni eru um 15 millj. (kynningarverkefni, sýningar, öryggismál, fundarhöld o.fl.)

Þá fór Guðmundur yfir verkefni þessa árs í Skagafirði, m.a. á Stóru-Ökrum. Alls hafa 55 millj. kr. farið í viðgerðir á Glaumbæjarhúsunum frá 2002.

Uppbygging innviða: Í drögum að verkefnaáætlun 2018-2020 er gert ráð fyrir eftirfarandi verkefnum í Skagafirði; Víðimýri 4,5 millj. kr. og Grafarkirkja 23,5 millj. kr. Búið er að loka Grafarkirkju vegna ágangs. Hugmynd um að létta á ágangi í Glaumbæ og dreifa á fleiri staði í Skagafirði.

4. Önnur mál

- a) Skipulagsmál í Glaumbæ. Örstutt sagt frá stöðu mála.
- b) Verndarsvæði í byggð. Sagt lítillega frá fundi á Borðeyri um verkefnið þar.

5. Vellir í Vallhólma – heimsókn

Hér var áætlaður fundartími orðinn knappur og m.a. þurfti fundarritari að halda heim á leið. Var hann því eigi viðstaddur síðasta dagskrárliðinn sem var skoðunarferð að Völlum í Vallhólma og kann því ekki að skýra frá því sem þar gjörðist. En fundi lauk að lokinni þessari skoðunarferð.

En hvatki es missagt es í fræðum þessum